

## Ályktun frá formannafundi SGS 27. mars 2014

### **Jafna þarf aðstöðumun eftir landsvæðum**

Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands, haldinn í Reykjavík 27. mars 2014 lýsir yfir áhyggjum að þeim aðstöðumun sem fólk býr við eftir búsetu á mismunandi landsvæðum. Misjafnt aðgengi að grunnþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu verður þess valdandi að launafólk þarf að nýta sumarfrí og veikindadaga til að sækja þjónustu um langan veg. Þetta kemur niður á frídögum fólks og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja um landið. Þar að auki fylgir mismikill ferða- og dvalarkostnaður fyrir fólk sem þarf að nýta sér þjónustu fjarri heimabyggð og kemur fram sem hrein kjaraskerðing launafólks. Misvægið hefur aukist enn eftir því sem þjónusta hefur dregist saman síðustu ár og verður ekki litið fram hjá miklum og vaxandi aðstöðumun lengur. Formannafundur Starfsgreinasambandsins hvetur eindregið til þess að ríki, byggðastofnun og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman um að finna lausnir til að vinna gegn þessu misrétti.